

Fundur 7.4.2025 Njáll Torfason, ný fluttur og verðandi læknir.

Góða kvöldið og komið þið öll blessuð og sæl.

*Góða kvöldið.*

Gleður það mig að tala til ykkar og hafði ég aðeins lauslega hugmynd um starfsemi þessa, en hefur það nú allt breyst, eftir að ég er nú kominn á framlífs jörð og allt liggur það nú ljósara fyrir, og er það sannarlega fagnaðarefni að vera kominn hér líkamnaður á nýja jörð.

Og fá sífellt aukinn styrk frá degi til dags og líkaminn yngist upp stöðugt meira og meira og hressist. Og liðan mín mjög góð

Já þetta hefur verið mikið ævintýri og fannst mér einhvern veginn að ég yrði að tala til ykkar á þessum merkilegum fundum ykkar, þar sem ég hef merkilega tengingu við félag ykkar, og gerði ég mér þó ekki grein fyrir því að fullu, fyrr en ég hingað kom.

Og var það sannanlega merkilegt að hitta ættingja, löngu farna vini og rifja upp liðna tíð og algjörlega stórkostleg lífsreynsla og framar öllum vonum, þótt ekki hafi ég efast um að eitthvert framhald væri, en að það væri líkamlegt fór fram úr mínum björtustu vonum.

Já ég hef merkilega tengingu við félag ykkar og spurði ég margsinnis hvaða merkingu nafn mitt hafði, og hef ég hér í framlífi fengið þar önnur svör og flóknari.

Og var mér sagt að nafni mínu fylgdi styrkur og að vel mætti nota það nafn oftár á jörðinni ykkar.

Hafði ég nokkar hugmynd um hvað það þýddi á jörðinni, en hefur mér verið sagt hér í framlífi að það sé bæði tengt írskum Guði sem lítið er þekktur og einnig sé það tengt nafni því sem forvígismaður félags ykkar gaf sínum ritum.

Ég verð víst að stytta mál mitt, því orkan dvínar fljótt, ég var í laug er ég kom hingað yfir, vissi af mér nöktum og var leiddur í laug og í sjúkrahús, hitti ættingja og vini.

Ég, orkan minnkar, það er svo margt sem ég vildi segja, hef ekki tök á orkunni.

*Þú kemur bara aftur.*

Ég er ekki búinn, ég er vanur að fást við erfiða hluti og aflraunir og ég læt ekki bugast af smá örðugleikum, þetta skal takast, gefið mér örlítinn tíma til að ná upp orkunni.

*Þú heitir Njáll.*

JÁ, já.

*Andleg hreysti.*

Já já, ýmsu vanur, já Torfason.

*Já sæll vertu, velkominn.*

Já sæll.

*Sonur Torfa Bryngeirssonar er það ekki ?*

Já, Sigurður Ólafsson Nýalssinni hefur ætlað að efla mig og fá mig í lækningahópinn, já ég vona að það gangi, hér er gott að vera en ég kem síðar, en þeir segja að það mundi um mig þegar ég hef náð fullum styrk og get hjálpað til við lækningarnar.

En sendi mínar bestu kveðjur til ættingja vina og vil hvetja alla til að kynna sér þessa starfsemi og það eru öfl að trufla mig hér í kvöld, en mikilvægt að þetta komist til skila og menn eru sannfærðir um að ég muni hjálpa til við lækningarnar þegar fram í sækir.

Ég er óendanlega þakklátur og sendi mínu fólki bestu kveðjur og mun gera mitt besta til að hjálpa ykkur.

Íslendingar verið þið sælir að sinni, þakka ég fyrir.

*Vertu sæll og þakka þér fyrir komuna.*